

AUGLÝSING**um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.**

Samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, hefur verið ákveðið að á Akureyri fari álagning og innheimta gjalds vegna stöðvunarbrota einnig fram á vegum Akureyrarbæjar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. ágúst 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 317

3. ágúst 1993

AUGLÝSING**um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.**

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, sbr. 3. gr. reglna um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 104/26. febrúar 1988, skuli vera 1 000 krónur. Í Reykjavík og á Akureyri skal gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita þó vera 700 krónur.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. ágúst 1993.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 66/24. febrúar 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 318

30. júlí 1993

AUGLÝSING**um umferð á Grenivík í Grýtubakkahreppi.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grýtubakkahrepps og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Grenivík.

Aðalbrautarréttur verður á eftirtöldum götum:

1. Miðgörðum að Ægissíðu.
2. Ægissíðu að Hafnargötu og
3. Hafnargötu og Lundsbraut að Miðgörðum.

Biðskyldumerki verða sett upp í samræmi við þessar reglur.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri. 30. júlí 1993.

Eliás I. Eliásson.